

23. Frumvarp

til laga um byggingu fyrir Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi 1931).

1. gr.

Á árunum 1934—1940 er landsstjórninni heimilt að láta reisa byggingu fyrir Háskóla Íslands. Höfuðbyggingin má kosta allt að 600 þúsundum króna, og skal verkið framkvæmt eftir því, sem fé er veitt í fjárlögum, eða með lántöku eftir heimild Alþingis. Svo skal hagað byggingunni, að taka megi nokkurn hluta hússinns til afnota fyrir Háskólann, þótt byggingin sé ekki fullger.

2. gr.

Skilyrði fyrir því, að rikissjóður leggi fram fé til háskólabyggingar samkvæmt 1. gr., er það, að samkomulag náist við bæjarstjórn Reykjavíkur um, að Reykjavíkurbær gefi Háskólanum til kvaðalausrar eignar 8—10 hektara af landi á þeim stað, sem kennslumálaráðherra og háskólaráði þykir hentugt, og að Reykjavíkurbær leggi til vatn úr hitaveitu sinni til að hita höfuðbygginguna og væntanlegan stúdentabústað, með kostnaðarverði.

3. gr.

Landstjórninni heimilast að ætla húsrúm fyrir kennslu í uppeldisvísindum í væntanlegri háskólabyggingu og að láta reisa heimavist fyrir kennaraefni á þeim hluta lóðarinnar, sem ætlaður verður fyrir sjálfstæðar smábyggingar.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu að efni var lagt fyrir Alþingi 1930, og náði samþykki allra flokka í efri deild. Bæjarstjórn og borgarstjóri Reykjavíkur tók málinu einkarvel, og lagði til að Háskólinn fengi ennþá betri lóð, heldur en áður hafði verið um talað. Samkvæmt því yrði háskólabygging og stúdentagarður ekki reist á Skólavörðuhæðinni, heldur neðanvert við væntanlegan skemmtigarð, suður af Tjörninni. Ef Háskólinn fær þar til sinna þarfa 8—10 ha. af landi, verður þar hægt að bæta við byggingum eftir því sem þörf landsins krefur, þó að aldir liði.

Við meðferð Alþingis í fyrra hefir byggingarmál Háskólans tekið gerbreytingum. Áður var hugsað til að Háskólinn fengi eina allstóra byggingu, sem vel nægði þörfum hans, eins og hann er nú, og að heimavist fyrir 30—40 stúdententa yrði byggð þar hjá. En ekki var gert ráð fyrir vexti né nýjum viðfangs-efnum. Háskólinn og stúdentahéimilið myndu hafa lokast inni í bænum, og eftir stutta stund hefði orðið að bæta við nýjum byggingum á allt öðrum stöðum í Reykjavíkurbæ. Með þessu móti hefði Háskólinn er til lengdar leið slitnað í sundur og ekki orðið sjálfstæð, lifræn heild.

Með frv. sem lagt var fyrir Alþingi 1930, var bætt úr þessu með því að gera ráð fyrir að Háskólanum væri þegar í upphafi tryggt land til umráða, 8—10 ha., en forráðamenn bæjarins munu heldur vilja láta land þetta á öðrum stað en suður af Skólavörðu, og virðist það vera, ef á allt er litið, um meiri hagræði að gera fyrir Háskólann. Nú er bætt við skilyrði, sem öll sanngirni mælir með, að bærinn leggi til heitt vatn til hitunar hinum fyrstu byggingum, stúdentagarði og kennslustofum. Með kostnaðarverði er átt við að eigi sé tekið verð fyrir vatnið sjálf, heldur hlutfallslega fyrir kostnaði við leiðslu til bæjarins.

Við háskóla, sem enn eru í myndun, t. d. í Árósum í Danmörku, er höfð hin sama ráðagerð og hér. Bærinn leggur til mikið samfellt land í útjaðri borgarinnar, og háskólinn verður ekki ein stór bygging, heldur risa smátt og smátt margar aðskildar, en skipulagsbundnar byggingar.

Sú tilhögun, sem gert var ráð fyrir í fyrravetur, að nota nokkur ár til undirbúnings málinu, er því nauðsynlegri, þar sem yfirstandandi erfiðleikar atvinnulífsins í landinu valda því, að tæplega mun þykja ráðlegt að leggja út í stórbyggingar fyr en yfirstandandi kreppu hefir létt af.